

Nd.

411. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd neðri deildar, er þessu máli var vísað til, hefir athugað

það á fundum sínum. Nefndin lítur svo á, án þess að tekin sje afstaða til rjettmætis þessa tolls í raun og veru, að frumvarp þetta mundi, ef það næði fram að ganga, verða þess valdandi, að landssjóður misti mikils í af tekjum sínum, og ef ekkert kæmi í staðinn gæti slíkt haft alvarlegar afleiðingar. En þótt í raun og veru væri æskilegt að geta lækkað sykurtollinn, þá treystir hún sjer ekki til að svo stöddu að benda á neina leið til að afla landssjóði tekna, er svöruðu til halla þess, er hann að sjálfsgöðu yrði fyrir, ef frumv. yrði að lögum.

Árið 1915 fluttist hingað til landsins 2,916,000 kg. af alls konar sykri. Ef gera mætti ráð fyrir, að líkur innflutningur ætti sjer stað á þeirri vöru á næsta fjárhagstímabili, þá mundi halli sá, er landssjóður yrði fyrir, ef frumv. næði fram að ganga, nema 404,240 krónum á fjárhagstímabilinu. Nefndin hefir því öll orðið á einu máli um það að ráða hinni háttvirtu deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 9. ágúst 1917.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Gisli Sveinsson,
skrifari.

Hákon J. Kristófersson,
framsögum.

Þórarinn Jónsson. Þorsteinn M. Jónsson.